



Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P / 33 / 2007
komudagur 8.2. 2007

Reykjavík 8.2 2007.
ASÍ mál: 200702-0009

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um váttryggingasamninga nr. 302004 (387).

ASÍ tekur undir þau sjónarmið frumvarpsins að skýr mörk þurfi að draga um öflun og notkun upplýsinga sem gefnar eru vegna töku persónuþrygginga. ASÍ telur þau mörk skýrt dregin í gildandi löggjöf og mælir ekki með samþykkt þeirra breytinga sem lagðar eru til og fela í sér lögbundna heimild til þess að skilyrða töku persónuþrygginga við að gefnar séu viðkvæmar persónuupplýsingar um aðila utan váttryggingasambandsins.

Tilgangur þessa breytta lagaákvæðis er að leita upp ættlæga sjúkdóma sem áhrif geta haft á áhættu váttryggjanda. Íslenskar fjölskyldur eru hins vegar samsettar með ýmsum hætti og ekki óalgengt að innan sömu fjölskyldu séu hálf- og óskyldir einstaklingar þó formleg tengsl geti verið með öðrum hætti og upplýsingar jafnvel ekki fyrirbyggjandi um rétt blóðtengsl. Raunveruleg not af umbeðnum upplýsingum eru því lítil og í mesta lagi leiðbeinandi nema þeim fylgi mun ýtarlegri upplýsingar sem geta gengið langt inn á það svið sem borgararnir eiga kröfu á að njóta persónuverndar um. 82.gr. laganna eftir breytingu gengur því tvímælaust gegn þeirri vernd sem stjórnarskrá og alþjóðlegir sáttmálar eiga að veita borgurinum og leggst ASÍ gegn þessari breytingu.

83.gr. laganna verður og að teljast veita váttryggjanda nægilega tryggingu fyrir að tryggingataki veiti þær upplýsingar sem hann getur og best veit: Þar segir: "*Hafi váttryggingartaki eða váttryggður sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína skv. 1. mgr. 82. gr. og váttryggingaratburður hefur orðið ber félagið ekki ábyrgð. Hafi váttryggingartaki eða váttryggður ella vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt má fella ábyrgð félagsins niður í heild eða að hluta. Við mat á ábyrgð félagsins skv. 2. mgr. skal litið til þess hvaða þýðingu vanrækslan hefur haft fyrir mat þess á áhættu, til þess hve sökin var mikil, með hvaða hætti váttryggingaratburður hefur orðið og til atvika að öðru leyti."*

F.h. Alþýðusambands Íslands,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ